



Frá Sigöldugljúfri, mynd Finnur Kristinsson, Landslag ehf.

SIGÖLDUGLJÚFUR Í RANGÁRÞINGI YTRA FYRIRHUGUÐ VINNA VIÐ DEILISKIPULAG

SKIPULAGSLÝSING

27. MARS 2026

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 40. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

UNNIÐ FYRIR RANGÁRÞING YTRA



Rangárþing ytra



Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Aðdragandi, forsendur og núverandi aðstæður	2
3	Skipulagsleg staða	5
4	Umhverfisáhrif	7
5	Kynning og samráð.....	7
6	Skipulagsferli	8

1 Inngangur

Landslag ehf. í samvinnu við Batteríið hefur umsjón með gerð deiliskipulags við og meðfram Sigöldugljúfri fyrir Rangárþing ytra. Skipulagssvæðið er um 31 ha.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en gerð er grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmdanna á umhverfið.

Skipulagssvæðið nær yfir nútímahraun sem fellur undir a lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ásamt því að fossarnir og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki fellur undir b lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og því brýnt að vandað sé til verka, hrauni ekki raskað að óþörfu og útsýni ekki skert.

2 Aðdragandi, forsendur og núverandi aðstæður

Með fjölgun ferðamanna við Sigöldugljúfur hefur myndast þörf fyrir skipulagða stíga, útsýnispalla, bílastæði og salerni. Talning var gerð á komu ferðamanna við Sigöldufoss og er áætlað að um 15.000 manns hafi heimsótt hann á ári. Talið er að talsvert fleiri komi að Sigöldugljúfri. Ferðatíminn er frá byrjun júlí eða þegar vegurinn opnar og mögulega fram í byrjun nóvember eða þar til að byrjar að snjóa. Mesta álagið er væntanlega í júlí og ágúst.

Í dag fer fólk að svæðinu með því að keyra vinnuslóða sem liggur í gegnum svæðið að mannvirkjum Landsvirkjunar við uppistöðulónið. Engir stígar eða bílastæði eru á svæðinu í dag og má sjá merki þess að svæðið er farið að raskast og gönguslóðar farnir að myndast víða um svæðið. Einnig eru merki þess að fólk fari ofan í gljúfrið sjálft.



Slit á gróðri við einn af útsýnisstöðunum

Það eina sem hefur verið gert fyrir ferðamenn á svæðinu er að Landsvirkjun hefur sett upp upplýsingaskilti. Það er partur af verkefni Orkuslóð hjá Landsvirkjun. Sett hafa verið upp upplýsingaskilti á sjö stöðum á Þjórsársvæðinu sem allir sem fara um svæðið geta stoppað við og fræðst um starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu og öryggismál sem tengjast henni. Gert er ráð fyrir að verkefnið muni þróast áfram í framtíðinni eftir því sem þörf er á og notendur og hagsmunaaðilar hafa áhuga á.

Sigöldugljúfur er árfarvegur Tungnaár sem rann hér áður en Sigöldustöð var reist. Vatnið getur hækkað snögglega í gljúfrinu í tengslum við viðhald í virkjuninni. Ofan í gljúfri falla margir fossar sem er stór hluti aðdráttarafis svæðisins ásamt litnum á vatninu í gljúfrinu sem er sterklár með grænum tilbrigðum.



Upplýsingaskilti Orkuslóðar


2.1 Náttúruverndarlög

Tjörvahraun, Búrfellshraun og Sigölduhraun falla undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd; a. eldvörp, eldhraun, gervíggar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma. Fossarnir sem falla í Sigöldugljúfur og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki fellur undir b lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Því er brýnt að vandað sé til verka, hrauni ekki raskað að óþörfu og útsýni ekki skert.

2.2 Minjar

Engar þekktar minjar eru á svæðinu en samráð verður haft við Minjastofnun við gerð deiliskipulagsins.



Áætluð afmörkun deiliskipulagssvæðisins, blá brotalína. Unnið á hnitsetta drónamynd frá Batteríinu.

2.3 Afmörkun skipulagssvæðis og stærð

Deiliskipulagið er á hálandinu, vestan við Krókslón á mörkum Rangárþings ytra og Ásahrepps. Skipulagssvæðið er um 31 ha að stærð. Komið er á svæðið um Fjallabaksleið nyrðri en gera má ráð fyrir að leiðin sé opin frá byrjun júlí og fram að fyrstu snjóum. Fjallabaksleið nyrðri er um 4 m breiður slóði og því aðeins fær fjórhjóladrifnum bílum eða mjög öflugum fólksbílum og jepplingum. Út frá Fjallabaksleið nyrðri liggur vinnuslóði Landsvirkjunar að stíflumannvirkjum Krókslóns. Afmörkun svæðisins miðast við árfarveginn til norðausturs í um 200m fjarlægð frá deiliskipulagsmörkum virkjunarsvæðisins. Tekin er bein lína þaðan til vesturs í átt að Fjallabaksleið nyrðri og nær skipulagið yfir smá búi af veginum þar sem gert er ráð fyrir að útbúa bílastæði út frá honum. Frá Fjallabaksleið nyrðri liggja skipulagsmörkin til norðausturs, vestan við vinnuslóðann að gljúfrinu. Sjá mynd að ofan fyrir nánari afmörkun. Samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir reiðleið sunnan við Fjallabaksleið nyrðri. Efnistökusvæði E120 og E73 eru utan við deiliskipulagið.

3 Skipulagsleg staða

Skipulagssvæðið er í Landmannaafrétti sem er þjóðlenda og afréttur og um það gilda lög um þjóðlendur nr. 58/1998.


3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í landsskipulagsstefnunni kemur fram að við uppbyggingu á miðhálandinu þarf að tryggja að hún rýrir ekki hefðbundin not og upplifun, vernd óbyggðra víðerna, mikilvægra landslagsheilda og náttúru miðhálandisins.

3.2 Svæðisskipulag Suðrhálandis 2022-2042

Í svæðisskipulagi suðrhálandis er gert gróft mat á verndargildi svæða. Þar sem skipulagssvæðið er í námunda við mannvirkjasvæði er það almennt flokkað með frekar lágt verndargildi í heildina. Gert ráð fyrir að Fjallabaksleið nyrðri verði byggð upp úr landinu á þessu svæði en það er ekki forgangsverkefni.

3.3 Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028



Hluti aðalskipulags Rangárbings ytra 2016-2028. Dökkur rammi sýnir staðsetningu deiliskipulags.

Í Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028 fellur svæðið í tvo landnotkunarflokk, skógræktar- og landgræðslusvæði annars vegar og hins vegar óbyggð svæði auk hverfisverndar.

Skógræktar og landgræðslusvæðið SL26 – Árskógar, í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram: Landgræðslusvæði, stærð svæðis er um 20.763 ha.

Óbyggð svæði – í greinargerð aðalskipulagsins kemur m.a. fram: *hálandissvæði sveitarfélagsins er að miklu leyti skilgreint sem óbyggt svæði. Hluti stefnu sveitarfélagsins fyrir óbyggð svæði er að umferð um hálandissvæði verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða m.a. með því að vinna að skipulagi ferðaleiða.*

Hverfisvernd HV13 Rangárvalla- og Landmannaafréttur – eftirfarandi lýsing er fyrir hverfisverndina: *Afréttarsvæðin sunnan Tungnaár. Stór samfelld svæði gosminja, víðlend hraunasvæði og eldstöðvar, þ.á.m. Hekla og Torfajökull. Ekki verður hróflað við minjum á svæðinu, s.s. gömlum vörðum eða skálum án samráðs við Minjastofnun.*

Reiðleið – samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir reiðleið meðfram eða í Fjallabaksleið nyrðri. Hluti stefnu aðalskipulagsins er að umferð hestamanna valdi ekki spjöllum á gróðurlendi og sögu-

og náttúruminum m.a. með því að allt fóður fyrir hesta verður að flytja á áningarstaði, sérstaklega á hálendissvæðum.

3.4 Deiliskipulag Sigöldustöðvar frá 09.04.2024.

Mörk deiliskipulags Sigöldustöðvar eru um 240m austan við áætluð mörk Sigöldugljúfurs. Í skipulaginu kemur fram í kafla 3.3. Samgöngur að hluti vega er *skilgreindur sem vinnuvegir og eru þeir einungis ætlaðir fyrir umferð vegna eftirlits, þjónustu og viðhalds á mannvirkjum.*

4 Umhverfisáhrif

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem engar framkvæmdir er áætlaðar sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Gerð verður grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en hraun mun mögulega raskast þar sem framkvæmdir verða.

5 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar:

- Skipulagsstofnun
- Forsætisráðuneytið
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Landsnet
- Landsvirkjun
- Minjastofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Rarik
- Umhverfis- og orkustofnun
- Vegagerðin
- Veitur
- Viðeigandi nefndir og deildir Rangárbings ytra.

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi í móttöku skrifstofu Rangárbings ytra og vera aðgengileg á Skipulagsgáttinni: www.skipulagsgatt.is .

6 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi deiliskipulags:

<i>Mars 2026</i>	<p>Unnið að skipulaglýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag.</p> <p>Eftir að lýsingin hefur verið afgreidd af skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra og sveitarstjórn Rangárþings ytra verður hún auglýst og mun skipulagslýsingin liggja frammi í móttöku skrifstofu Rangárþings ytra og á Skipulagsgáttinni.</p>
<i>Apríl-maí 2026</i>	<p>Unnið að tillögu að deiliskipulagi fyrir skipulagssvæðið í samráði við hagsmunaaðila, skipulags- og umferðarnefnd og skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra.</p>
<i>Maí - júní 2026</i>	<p>Tillaga kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.</p> <p>Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi skipulags- og umferðarnefndar og á fundi sveitarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.</p>
<i>Júlí - ágúst 2026</i>	<p>Tillaga að deiliskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.</p> <p>Tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulags og umferðarnefndar ásamt athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.</p> <p>Tillaga að deiliskipulagi samþykkt af skipulags og umferðarnefnd ásamt sveitarstjórn.</p>
<i>Sept. - okt. 2026</i>	<p>Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. Að því loknu öðlast deiliskipulagið gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.</p>